

Nd.

886. Nefndarálit

[263. mál]

um frv. til laga um eftirlaun aldraðra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum síðustu daga. Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa ASÍ og formann stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þær umsagnir, sem nefndin fékk til skoðunar, voru allar á eina lund: málefnið gott og lausn þess nauðsynleg, en V. kafli frv. um fjármögnun óbrúkanlegur og ósanngjarn.

Minni hluti nefndarinnar er fyllilega sammála meiri hlutanum um nauðsyn þessa máls, en leggur áherslu á að afla þurfi fjár til þess verkefnis með öðrum hætti en gert er í frv.

Tilgangslaust er að samþykkja frv. um eftirlaun aldraðra, ef fjármagna á framkvæmd þess með því að leggja auknar byrðar á lífeyrissjóði, sem þegar eiga í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar, sem fara vaxandi. Minni hlutinn, og raunar meiri hlutinn einnig, lítur svo á, að útilokað sé að leggja frekari álögur á Atvinnuleysistryggingasjóð, sem nú þegar hefur tekið á sig þunga bagga óskylda sínu verkefni, auk annarra. Er staða sjóðsins nú með þeim hætti, að hann er ófær um að sinna sínu upprunalega verkefni. Má minna á, hvað það kostaði verkalýðshreyfinguna að koma á þessum sjóði, sem nú á að gera óstarfhæfan með enn frekari stóralögum. Minni hlutinn vill benda á, að ákvæði til bráðabirgða er allsendis ófullnægjandi, þar sem aðeins er talað um að lagt skuli fram frv. til að létta einhverjum hluta áлага af Atvinnuleysistryggingasjóði vegna fæðingarorlofs.

Minni hlutinn vill enn fremur benda á, að við gerð kjarasamninganna 1977 varð loforð um eftirlaun aldraðra til þess að greiða fyrir samningum, en þegar slíkt frv. birtist er reikningurinn sendur til sjóða verkalýðshreyfingarinnar.

Minni hlutinn harmar, að í athugasemdum frv. skuli vera rangfærslur, sem virðast settar þar í áróðursskyni, en ekki upplýsinga.

Að lokum vill minni hl. leggja ríka áherslu á, að sem fyrst verði unnið að undirbúningi að framkvæmd málsins og eðlilegri fjáröflun til þess. Í trausti þess, að svo verði gert, til þess að þetta mikla réttindamál megi koma til framkvæmda, leggur minni hl. til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 23. maí 1979.

Einar Ágústsson,
form.

Garðar Sigurðsson,
frsm.

Bjarnfríður Leósdóttir.